

Reykhlaskóli auglýsir eftir leikskólakennurum

Reykhlaskóli auglýsir eftir leikskólakennara og deildarstjóra leikskóla í 100% störf

Viltu starfa í jákvæðu og styðjandi starfsumhverfi þar sem nýjar hugmyndir fá að blómstra og starfsmenn fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum í að byggja upp öflugt og faglegt skólastarf?

Helstu verkefni og ábyrgð

Deildarstjóri

- Að vinna að uppeldi- og menntun samkvæmt starfslýsingu deildarstjóra.
- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá og skólastefnu Reykhlahrepps.
- Að bera ábyrgð á uppeldis- og menntastarfi.
- Stjórnun, skipulagning, mönnun og mat á starfi deildarinnar í samráði við skólastjóra.
- Að bera ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá.
- Að bera ábyrgð á foreldrasamstarfi.
- Sinnir þeim verkefnum er varðar uppeldi og menntun barnanna og stjórnun deildarinnar sem yfirmaður felur honum.

Leikskólakennari

Vinnur að uppeldi og menntun barnanna. Fylgist vel með velferð þeirra og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þau fái notið sín sem einstaklingar.

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár, mati á starfsemi leikskólans og þróunarverkefnum undir stjórn leikskólastjóra.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.
- Vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnanna.
- Situr foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum.
- Reglusemi og samviskusemi.
- Góð íslenskukunnátta.

Fríðindi í starfi

- Ókeypis fæði á vinnutíma
- Metnaðarfullt starfsumhverfi
- Flutningstyrkur
- Skóladagatalið er samræmt við skóladagatal grunnskólans. Leikskólinn er m.a. lokaður í sex vikur á sumrin og í páska- og jólafrí Reykhólaskóla
- Árskort í Grettislaug Reykhólum

Við leitum að leikskólakennurum sem hafa brennandi áhuga á uppeldi og menntun barna. Leikskólinn er vel búin helstu námsgögnum og leiktækjum, staðsettur í fallegu og náttúruríku umhverfi þar sem tækifæri gefast til að hafa áhrif á skólastarfið og efla m.a. útikennslu og tengjast umhverfinu á skapandi hátt.

Leiðarljós leikskólans eru: Vilji er vegur og gildi skólastefnu Reykhólahrepps eru vellíðan, samvinna, kjarkur.

Reykhólahreppur skartar friðsælu og stórkostlegu umhverfi, þar sem fjölbreytt tækifæri eru á að stunda útivist. Góð þjónusta er við barnafjölskyldur, m.a. frítt frístunda- og tómstundastarf og hafa öll börn aðgang að ókeypis 6 tíma leikskóladvöl á dag.

Á Reykhólum er verið að byggja þrjú ný raðhús. Möguleiki á að fá leigt húsnæði á hagkvæmu verði. Jafnlangt í akstri til Ísafjarðar, Reykjavíkur og í Skagafjörðinn.

Skólinn er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli undir einu þaki. Í skólanum eru um 50 nemendur. Reykhólar er sveitarfélag með um 240 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra í þéttbýlinu á Reykhólum.

Bent er á að samkvæmt lögum þurfa umsækjendur að samþykkja heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá. Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2025

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2025.

Nánari upplýsingar veitir Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri Reykhólaskóla á netfangið skolastjori@reykholar.is eða í síma 434-7731. Ferilskrá og umsókn sendist á skólastjóra. www.reykholaskoli.is